

# Gæðingalist

## 2. stig




Febrúar 2023

## Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur að Gæðingalist.....</b>	<b>3</b>
<b>2. Aðstaða.....</b>	<b>3</b>
<b>3. Tímamörk.....</b>	<b>3</b>
<b>4. Hlutfall atriða.....</b>	<b>4</b>
<b>5. Vægi æfinga.....</b>	<b>4</b>
<b>6. Aðrar reglur / Úrslit.....</b>	<b>4</b>
<b>7. Dómarar.....</b>	<b>4</b>
<b>8. Framkvæmd keppni.....</b>	<b>5</b>
<b>8.1 Tilhögun stig 2.....</b>	<b>5</b>
<b>8.2 Æfingar.....</b>	<b>5</b>
8.2.1 Æfingar á 2. stigi og vægi.....	6
<b>8.3 Gangtegundir og fegurð í reið.....</b>	<b>7</b>
<b>8.4 Flæði, útfærsla og reiðmennska.....</b>	<b>7</b>
8.4.1 Dæmi til hækkunar á 2. stigi:.....	8
8.4.2 Dæmi til lækkunar á 2. stigi:.....	8

# 1. Inngangur að Gæðingalist

Hugmyndin á bak við gæðingalist er að sýna vel þjálfaðan gæðing á listrænan hátt þar sem öll þjálfunarstigun eru sýnd eins og myndin af þjálfunarpíramídanum sýnir.



1. stig er fyrir minna vana

2. stig er fyrir meira vana

3. stig er opinn flokkur

Knapi á öðru stigi fléttar saman gangtegundum og æfingum og sýnir í einni heild, jafnvægi, þjálfni og fimi hestsins.

Knapi skilar inn lista yfir þær æfingar sem hann ætlar að sýna, en ekki röðun þeirra.

Á öðru stigi skal sýna fyrstu fimm þrep þjálfunarpíramíðans. Hesturinn þarf að vera rólegur en einbeittur, sýna framhugsun og vera taktfastur, frjáls og sveigjanlegur. Því til viðbótar skal hesturinn vera samspora og hvelfdur.

Á öllum stigum þarf knapi að sýna að hesturinn búi enn yfir grundvallaratriðunum og sé spennulaus.

## 2. Aðstaða

Reiðvöllur að lágmarki 18m x 40m eða hringvöllur með opnu svæði í miðjunni. Sé skeiðbraut til staðar er mótshöldurum heimilt að leyfa notkun hennar.

## 3. Tímamörk

Tími og tónlist byrja þegar knapi hneigir sig eða í síðasta lagi þrjátíu sekúndum eftir að knapi kemur inn á völlinn. Pulur gefur merki þegar ein mínúta er eftir af sýningartíma.

Tímamörk eru breytileg og miðast við keppnisvöll á hverjum stað.

- 18x40m-50m reiðsvæði: að hámarki 4 ½ mínúta
- 18x60m-80m reiðsvæði: að hámarki 5 mínútur
- hringvöllur: að hámarki 5 ½ mínúta

Mótshaldari skal gefa út endanleg tímamörk miðað við vallarstærð í síðasta lagi þegar mótið er auglýst.

Ef knapi fer fram yfir uppgefin tímamörk þá fær hann 0 fyrir þau atriði sem hann sýnir eftir að tímamörkunum var náð.

## 4. Hlutfall atriða

- æfingar gilda 40%
- gangtegundir og fegurð í reið gilda 40%
- flæði, útfærsla og reiðmennska gilda 20%

## 5. Vægi æfinga

- Vægi æfinga er misjafnt.
- Vægi æfinga er skilgreint í sér kafla um hvert stig og á að endurspegla erfiðleikastig æfinga.

## 6. Aðrar reglur / Úrslit

Mótshaldarar ráða hvort úrslit verða riðin eða ekki og ákvörðun þess efnis skal liggja fyrir áður en keppni hefst. Í úrslitum gæðingalistar skulu vera þrír til fimm knapar. Mótshaldarar ákveða endanlega fjölda í úrslitum. Séu þátttakendur fleiri en fimmtán er æskilegt að halda úrslit en er þó aldrei skylda. Knapa er leyfilegt að skila inn nýjum æfingalista í síðasta lagi 15 mínútum fyrir úrslit. Skeiðbraut má einungis nota einu sinni og þá aðeins fyrir sýningu gangtegunda.

## 7. Dómarar

Dómari í gæðingalist skal að minnsta kosti uppfylla eitt skilyrði:

- vera íþrótt- og/eða gæðingadómari með knapamerkjadómarapróf og/eða reiðkennararéttindi
- hafa dæmt gæðingafimi reglulega á tímabilinu 2000-2020

Dómarar geta verið þrír eða fimm og hver dómari skal hafa einn ritara sér til aðstoðar. Séu dómarar fimm, skal hæsta og lægsta einkunn strikuð út. Dómarar skulu staðsettir við langhlið og utan við reiðvöll.

## 8. Framkvæmd keppni

### 8.1 Tilhögun stig 2

Á öðru stigi skal sýna fyrstu fimm þrep þjálfunarpíramídans. Hesturinn þarf að vera rólegur en einbeittur, sýna framhugsun og vera taktfastur, frjáls og sveigjanlegur. Því til viðbótar skal hesturinn vera samspora og hvelfdur.

### 8.2 Æfingar

Knapi skilar inn þar til gerðum æfingalista 48-klukkustundum fyrir keppni og ef við á með skilgreiningu á frjálsri æfingu (sjá nánari lýsingu í skilgreiningum og fylgiskjölum). Æfingalista keppenda má mótshaldari ekki birta né sýna óviðkomandi aðila áður en mótið hefst.

Frjáls æfing á að hvetja til frumleika og hugmyndaflugs og ber að taka með opnum hug.

Sé frjálsri æfingu hafnað skal knapi upplýstur af mótshöldurum eða yfirdómara innan sólarhrings frá skilum æfingalista. Höfnuninni verður að fylgja röksemdarfærsla og er einungis gert ef æfing er talin of auðveld fyrir stigið sem er keppt í eða óviðeigandi.

Í æfingalistanum merkir knapi við þau atriði sem hann ætlar að sýna. Sé æfingalista ekki skilað telst skráning ógild.

Það er á ábyrgð knapa að leitast ávallt við að sýna æfingar og gangtegundir þannig að sjónarhorn dómara sé sem best.

Knapi sýnir að lágmarki þrjár æfingar, þar af skulu vera að lágmarki tvær hliðargangsaefingar og önnur þeirra skal sýnd á tölti/brokki/stökki.

Allar hliðargangsaefingar, baugar og riðið á hringnum skal sýna upp á báðar hendur.

Merkja má við eins margar æfingar og knapi vill, að lágmarki þrjár. Sleppi knapi æfingu fær hann sjálfkrafa núll fyrir ósýnda atriðið. Ef merkt er við fjórar æfingar eða fleiri dettur einkunn fyrir lægstu æfingu út hjá hverjum dómara, að undanskyldum tveimur hæst dæmdu hliðargangsaefingum verkefnis og önnur þeirra hið minnsta er á tölti/brokki/stökki.

Æfing á að vera greinileg og hafa jákvæð áhrif á hestinn. Hliðargangsaefingar þurfa að vera nægilega langar til að hægt sé að dæma gæði þeirra en þó alltaf að lágmarki tíu metrar.

Allar æfingar eru framkvæmdar án stuðnings við vegg fyrir utan neðangreindar undantekningar. Knapi skal miða við að æfingin sé framkvæmd a.m.k. tveimur metrum frá veggnum. Knapi getur hæst hlotið einkunnina 5 (æfingin sjálf hlýtur einkunnina 10) sé æfingin framkvæmd upp við vegg.

Undantekningar, eftirtaldar æfingar má framkvæma upp við vegg:

- Skeið
- Hraðabreyting tölt
- Slaktaumatölt

### 8.2.1 Æfingar á 2. stigi og vægi

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,0:

- afturfótasnúningur, fet 1m
- bakka úr kyrrstöðu
- baugur (6-12m), tölt / brokk / stökk
- einföld stökkskipting
- framfótasnúningur, fet
- gangskiptingar, fet-tölt-fet x3
- hraðabreyting (tvær stuttar eða ein löng), tölt / brokk /stökk
- krossgangur, fet
- lokaður sniðgangur á miðlínu eða hring (travers), fet
- lokaður sniðgangur á skálinu (half pass) og lokaður sniðgangur á baug, fet
- riðin átta, tölt / brokk
- riðið á hringnum (13-25m), tölt / brokk / stökk / ytra stökk
- slaktaumatölt, frá miðri skammhlið í miðja skammhlið
- stöðvun af, tölti / brokki /stökki
- taumur gefinn fram (sjálfberandi), tölt / stökk þrisvar \* 3 sek
- úthverfur lokaður sniðgangur á baug (renvers), fet

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,05:

- krossgangur, tölt/brokk
- opinn sniðgangur, tölt / brokk / stökk
- slöngulínur, tölt / brokk / stökk
- skeið sem æfing (einungis upp á aðra höndina)
- taumur gefinn (fram og niður), tölt / brokk / stökk

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,10:

- hraðabreytingar á tölti (framkvæmt upp á báðar hendur), frá miðri skammhlið í miðja skammhlið
- lokaður sniðgangur á hring og beinu spori, tölt / brokk / stökk
- skeið (framkvæmt upp á báðar hendur)

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,15:

- fljúgandi stökkskipting
- lokaður sniðgangur á skálinu (half pass)
- lokaður sniðgangur á baug, tölt / brokk / stökk
- úthverfur lokaður sniðgangur á hring/baug, tölt / brokk / stökk

### 8.3 Gangtegundir og fegurð í reið

Sýna skal að lágmarki þrjár gangtegundir og skal tölt vera ein þeirra og gildir töltið 1/3 af einkunn fyrir gangtegundir og fegurð í reið. Ef sýndar eru fjórar eða fimm góðar gangtegundir mun það hækka einkunn fyrir útfærslu.

Einungis þrjár bestu gangtegundir gilda til einkunna, en alltaf tölt. Ef sýnd er fjölhæfni á gangtegund til dæmis mismunandi hraði á sömu gangtegund eða gott jafnvægi í æfingum eða á sveigðu spori getur það hækkað einkunn fyrir þá gangtegund ef vel tekst til en jafnframt lækkað einkunn ef illa tekst til. Til dæmis mun stökk á hring hafa áhrif á stökkeinkunn, sé ekki merkt við hana sem sér æfingu.

Til þess að knapi sem ekki sýnir skeið hljóti fullnaðareinkunn fyrir tölt þarf hann að sýna tvær útfærslur á tölti hið minnsta og verður önnur þeirra að vera hægt tölt. Aðrar útfærslur á tölti eru milliferðartölt, greitt tölt, tölt við slakan taum eða tölt með hraðamun.

Til þess að knapi sem sýnir skeið hljóti fullnaðareinkunn fyrir tölt þarf hann að sýna eina útfærslu á tölti hið minnsta.

Gangtegundina skeið skal sýna sem samsvarar  $\frac{3}{4}$  af langhlið til þess að hreyfa einkunn. Skeið hefur vægið 1,1 eins og sumar æfingar.

Gangtegundirnar tölt, brokk og stökk skal sýna að minnsta kosti eina langhlið, skálínu, fjórðungalínu eða miðlínu til þess að hljóta fullnaðareinkunn.

Gangtegundina fet skal sýna þrjátíu metra hið minnsta. Ef knapi sýnir fleiri útfærslur af feti af öryggi getur það hækkað einkunn fyrir fetið, þar er átt við til dæmis safnað fet, meðalfet eða langt fet.

Gæði gangtegunda í æfingum skulu teknar til greina við heildareinkunnagjöf viðkomandi gangtegundar.

Dómsatriðið fegurð í reið skal dæmt og metið út frá líkamsbeitingu hestsins, höfuðburði og glæsileika í hreyfingum. Tekið skal tillit til fegurðar í reið í allri sýningunni. Til að hljóta einkunn á bilinu 7,5 – 10 skal hesturinn vera taktfastur og í góðu jafnvægi, sveigjanlegur til beggja handa og dillandi mjúkur.

### 8.4 Flæði, útfærsla og reiðmennska

Dómsatriðið flæði, útfærsla og reiðmennska byggir á hversu vel knapanum tekst til í sýningunni, en einnig hversu krefjandi sýningin er sett upp. Æskilegt er að knapi sýni æfingar, skiptingar og samsetningar sem reyna á reiðmennsku, þjálfni og jafnvægi hestsins, hafi góð áhrif á hestinn og að það sé gott flæði í sýningunni. Reiðmennskan geisli af léttleika, dirfsku, leikni og tillitsemi og samspil knapa og hests sé frábært.

Sýning sem hefur gott flæði, eitt leiðir áreynslulaust af öðru, fær einkunn á bilinu 7.0 – 10. Frjálst er að ríða hringi og bauga hvenær sem er og getur það virkað til hækkunar á viðkomandi gangtegund. T.d. að bæta hring eða baug við stökksýningu.

#### 8.4.1 Dæmi til hækkunar á 2. stigi:

- ef sýndar eru fjórar eða fimm góðar gangtegundir
- krefjandi og flottar útfærslur sem reyna á reiðmennsku og þjálni
- knapi sýnir hest sinn til afkasta á gangtegundum og sýnir góðar æfingar með lítt sýnilegum ábendingum
- góð stjórn á orkustigi, sem dæmi má nefna að eftir sýningu til afkasta sé í framhaldinu æfingin taumur gefinn sýnd
- æfingum og gangtegundum fléttað saman, til dæmis krossgangur á brokki
- góð stjórn á söfnunarstigi hestsins, sem dæmi má nefna útfærslur eins og afturfótasnúningur og beint upp í stökk
- vel upp sett sýning með góðu flæði
- riðið með aðra hönd á taum
- krefjandi og vel heppnaðar gangskiptingar
- gangtegundirnar sýndar á fjölbreyttan hátt
- æfingar sýndar á fleiri en einni gangtegund
- knapi sýnir snerpu hests síns
- knapi sýnir atriði sem hann er byrjaður að kenna hesti sínum til að krydda sýningu sína en teljast þó ekki til æfinga, sem dæmi má nefna að hestur heilsa eða þrjóni

#### 8.4.2 Dæmi til lækkunar á 2. stigi:

- útfærsla of flókin fyrir knapa og hest, sýning mistekst
- knapi notar grófar ábendingar á hest sinn sem lýta verkefnið
- útfærslur sem leyfa gangtegundum ekki að njóta sín
- illa upp sett sýning og slæmt flæði
- órókrétt samsetning verkefnis sem hefur neikvæð áhrif á framgang verkefnis og gangtegundir
- lakar gangskiptingar
- greinileg spennan sjáanleg
- atriði er endurtekið oft vegna mistaka
- hestur og knapi óöruggir í fasi
- slæm líkamsbeiting
- röng stilling/sveigja